



## **Nýsköpunarkeppni á vegum sjávarútvegsklasa Vestfjarða**

Nýsköpun í sjávarútvegi er mikilvægur liður í framþróun greinarinnar og því hefur sjávarútvegsklasi Vestfjarða ákveðið að setja af stað nýsköpunarkeppni.

Fyrri skilafrestur umsókna er 30. apríl 2020. Nýsköpunarmiðstöð Íslands (NMI) býður uppá vinnustofur á tímabilinu 11.-15. maí og aðstoð við vinnu að þróun viðskiptahugmyndarinnar, vinnustofunnar bjóðast öllum sem senda inn umsókn. Þá skila umsækjendur inn loka umsókn fyrir 15. júní 2020 og af þeim verða fimm verkefni valin til áframhaldandi þátttöku.

Þau verkefni fá allt að 1.000.000 kr í styrk, aðgang að hráefni, aðstöðu og ráðgjöf frá sérfræðingum fyrirtækjanna í klasanum auk aðstoðar frá sérfræðingum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og Vestfjarðastofu. Á haustmánuðum verður svo boðið uppá vinnustofu í fjárfestingakynningum á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar. Veturinn er hugsaður til þess að vinna að verkefnunum og lokaskil viðskiptaáætlunar eru 15. mars 2021.

Ein viðskiptaáætlun verður valin og fær verkefnið 5.000.000 kr styrk til að koma hugmyndinni í framkvæmd. Styrkurinn verður veittur í þremur áföngum og þarf að sýna fram á eðlilega framvindu í áfangaskýrslum til Vestfjarðastofu.

Fyrirtækin útvega hráefni, aðstöðu og ráðgjöf eins og þörf er á í hverju verkefni, þá stendur frumkvöðlum til boða aðstaða víða á Vestfjörðum í skapandi og hvetjandi umhverfi.

### **Markmiðið með nýsköpunarkeppninni er að:**

- Auka nýsköpun.
- Hvetja starfandi fyrirtæki, frumkvöðla og nema til nýsköpunar.
- Skapa ný og eftirsóknarverð störf í sjávarútvegi eða tengdum greinum.
- Auka virði og framlegð úr því hráefni sem berst í land á Vestfjörðum sem og ónýttum auðlindum.

### **Mat verkefna**

Við mat á verkefnum verða eftirfarandi þættir hafðir til hliðsjónar; nýnæmi, raunhæfni, arðsemi, að verkefnið skapi ný störf tengd sjávarfangi á Vestfjörðum, aukin nýting sjávarauðlindarinnar, markaðsmál og staða hugmyndarinnar þ.e. hversu líklegt má teljast að hægt sé að hrinda hugmyndinni í framkvæmd.

Fjölbreytt verkefni koma til greina og er keppninni ætlað að skapa tækifæri fyrir nýjar hugmyndir og að ýta þeim úr vör. Þau þurfa þó að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Fela í sér nýsköpun, þ.e.a.s. nýja eða endurbætta vöru, þjónustu, aðferðafræði, framleiðsluaðferð eða stuðla að aukinni sjálfbærni.
- Vera á sviði sjávarútvegs eða tengdra greina.
- Hvetja til samkeppnishæfrar nýsköpunar á Vestfjörðum.
- Skapar fjölbreyttari og fleiri störf á svæðinu.
- Hvetja til rannsóknatengdrar nýsköpunar.
- Teymið bak við hugmyndina hafi viðeugandi hæfni og sé tilbúið að vinna áfram að hugmyndinni.
- Vera tæknilega framkvæmanlegar á þessum tímapunkti.
- Hafa raunverulegan markhóp sem hægt er að sækja á.
- Vera arðsöm.

Lokamarkmiðið er að verkefnin komist í framkvæmd með tilheyrandi verðmætasköpun og arðsemi. Skilmálarnir sem hér eru taldir upp eru til að tryggja að verkefnin muni efla sjávarútveg á Vestfjörðum.

Varðandi eignarhald verkefnanna þá hafa fyrirtæki klasans fullan aðgang að verkefnunum í ferlinu þar sem þau veita bæði faglega aðstoð og aðstöðu svo sem tækjabúnað, aðgang að starfsfólki, hráefni og ekki síst tíma í verkefnin. Með þessu fyrirkomulagi verða þau ekki í eigu klasans enda myndi það hindra næstu skref t.d. ef einstakt fyrirtæki innan klasans eða utan vildi hefja nýja vinnslu sjávarfangs.

Ávinningur fyrirtækjanna er möguleg sala á hráefni á hærra verði en nú er auk þess að fá mikið af ferskum hugmyndum inn í fyrirtækin í gegnum bæði nýsköpunarkeppnina og nemendaverkefnin. Fyrirtækin hafi möguleika á að fjárfesta í væntanlegum nýsköpunarfyrirtækjum eða verkefnum á mótí frumkvöðlum. Ávinningur frumkvöðulsins er bætt tengslanet og tækifæri til að veita góðri hugmynd brautargengi.

Ef um mjög sértæka lausn er að ræða er hægt að sækja um einkaleyfi en almennt í frumkvöðlafræðum er það forskotið í tíma sem er talið mesta virði nýrrar hugmyndar.

## **Umsókn upplýsingar**

Umsóknin er rafræn og hægt er að nálgast hana á verkefnasíðunni „Hafsjór af hugmyndum“

Það sem þarf að koma fram í umsókninni er eftirfarandi.

1. Nafn umsækjanda, kennitala og netfang
2. Lýsing á verkefninu
3. Fyrirtæki/stofnun sem umsækjandi sækir um fyrir (ef svo er)
4. Samstarfsaðilar í verkefninu
5. Markmið með verkefninu
6. Lýsing á bakgrunni þáttakenda og samstarfsaðila þeirra ef við á

7. Hver konar samstarfsaðila er óskað eftir í formi hráefnis, aðstöðu eða sérfræðiaðstoðar?
8. Upphæð sem sótt er um
9. Arðsemi verkefnisins?
10. Hvernig mun verkefnið efla sjávarútveg á Vestfjörðum?
11. Hvernig mun verkefnið styrkja vestfirskt samfélag?
12. Framkvæmdaáætlun
13. Tímaáætlun
14. Fjárhagsáætlun

### **Matshópur**

Matshópur nýsköpunarkeppninnar fer yfir allar umsóknir og viðskiptaáætlanirnar fimm og velur að lokum sigurverkefnið.



**Vestfjarðastofa**